

Forsætisnefnd 7. júní 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greinargerðir í fundargerðum MSS24060029

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að greinargerðir með málum flokkanna séu gerð skýrari skil í fundargerðum. Lagt er til að ávallt sé sérstakur hlekkur inn á greinargerðina sjálfa þar sem hún er aldrei að fullu birt í fundargerð. Einnig sé sá hlekkur undir „Fylgiskjöl“ sem öllu jafna er merktur „Tillaga eða Fyrirspurn“ merktur „Tillaga x ásamt greinargerð“ og undir þeim hlekkur má sjá tillöguna ásamt greinargerð sem fylgir. Þetta er fyrir þá sem vilja sjá allt málið í samhengi.

Greinargerð

Lagt er til að öll ráð hafi sama verklag og fylgi þeim sömu reglum sem settar hafa verið en á því hefur verið nokkur brestur. Oft er mikið lagt í greinargerðir með málum enda er í þeim nánari útlitun á tillögunni eða fyrirspurninni ef því er að skipta og af hverju flokkur telur nauðsynlegt að leggja málið fram. Án greinargerðar er málið sjálft hvorki fugl né fiskur enda hafa verið sett óvenju stíf takmörk fyrir lengd og ítarleika tillögunnar sjálfrar eða fyrirspurnarinnar. Þess vegna er það brýnt að greinargerðin sé ekki bara gerð aðgengileg í fundargerðum heldur sé einnig áberandi ýmist þar sem hún stendur ein undir málinu eða í samhengi við tillöguna/fyrirspurnina sjálfa. Best færi auðvitað á því að birta allar greinargerðir í fundargerðum fullum fetum.